



SAMTÖK FYRIRTÆKJA  
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

---

## Persónuverndarfulltrúi SFV Hlutverk, kostir og samlegðaráhrif.

---

Í júlí 2018 tóku í gildi ný persónuverndarlög hér á landi. Með lögnum fékk almenna persónuverndarreglugerð Evrópuþingsins og ráðsins lagagildi hér á landi. Ein af þeim nýjungum sem felast í lögnum er skyldan til að tilnefna persónuverndarfulltrúa, m.a. þegar meginstarfsemi fyrirtækis er umfangsmikil vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga.

Í leiðbeiningum Persónuverndar um persónuverndarfulltrúa kemur fram að vinnsla heilsufarsupplýsinga sé til dæmis hluti af meginstarfsemi allra heilbrigðisstofnana og því sé slíkum stofnunum skylt að tilnefna persónuverndarfulltrúa.

Kostir þess að tilnefna persónuverndarfulltrúa eru einnig fjölmargir. Persónuverndarfulltrúi gegnir í senn ráðgjafa- og eftirlitshlutverki og getur aðstoðað fyrirtæki við að fylgja persónuverndarlögum, m.a. með aðstoð við gerð verkferla, fræðslu til starfsmanna og veitt almenna ráðgjöf við dagleg verkefni.

Á heilbrigðisstofnunum koma upp fjölmörg álitaefni um persónuvernd. Þar er unnið með mikið magn af viðkvæmum persónuupplýsingum og því afar mikilvægt að gætt sé að yfstrustu öryggiskröfum. Í persónuverndarlögum og reglugerðum þeim tengdum eru strangar kröfur gerðar til fyrirtækja sem vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar, þ. á m. heilsufarsupplýsingar. Sama á við um fyrirmæli landlæknis um öryggi og gæði sjúkraskráa og tengjast þau fyrirmæli óhjákvæmilega kröfum persónuverndarlaga.

Sem dæmi má nefna þá eiga heilbrigðisstofnanir að reka öryggiskerfi en í því felst m.a. gerð persónuverndarstefnu, upplýsingaöryggisstefnu, skilgreining á öryggiskröfum, lýsing á öryggisráðstöfunum, gerð vinnsluskrár, áhættumats, neyðaráætlana og verklagsreglna, frávíkaskráning og ýmislegt fleira. Enn fremur er skylt að viðhafa virkt innra eftirlit með allri vinnslu og vörslu upplýsinga, m.a. með stofnun öryggis-/eftirlitsnefndar.

Persónuverndarfulltrúi getur gengt lykilhlutverki í að aðstoða heilbrigðisstofnanir við að innleiða eða eftir atvikum uppfæra öryggiskerfi stofnunarinnar og uppfylla þannig ákvæði persónuverndarlaga og annarra reglna, s.s. fyrrgreindra fyrirmæla landlæknis um öryggi og gæði sjúkraskráa.

Persónuverndarfulltrúi aðstoðar einnig við mat á áhrifum á persónuvernd þegar innleiða á ný upplýsingakerfi, viðhafa rafrænt eftirlit með einstaklingum eða í öðrum tilvikum þegar vinnsla er líkleg til að fela í sér verulega áhættu fyrir rétt einstaklinga til persónuverndar.

Þá getur persónuverndarfulltrúi einnig sinnt fræðslu um persónuvernd innan stofnana og veitt starfsmönnum ráðgjöf um gott verklag við meðhöndlun á persónuupplýsingum.

Mikil vakning hefur átt sér stað um mikilvægi friðhelgis einkalífs og vernd persónuupplýsinga síðustu ár og einstaklingar orðnir upplýstari um rétt sinn í þeim efnum, t.d. um aðgangsrétt að eigin persónuupplýsingum. Fyrirspurnum og beiðnum frá einstaklingum hefur því fjölgað nokkuð til heilbrigðisstofnana og getur persónuverndarfulltrúi aðstoðað stofnanir við að svara og vinna úr slíkum beiðnum í samræmi við lög.

Kostir þess að tilnefna persónuverndarfulltrúa eru því ótvíræðir með vísan til þeirra fjölmörgu verkefna sem hann kemur að innan heilbrigðisstofnana en sem fyrr segir þá hvílir einnig lagaskylda á heilbrigðisstofnunum að tilnefna persónuverndarfulltrúa.

Samkvæmt persónuverndarlögum er heimilt að tilnefna utanaðkomandi aðila til að taka að sér hlutverk persónuverndarfulltrúa með þjónustusamningi þess efnis. Hjá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) starfar sérfræðingur í persónuverndarmálum og stendur aðildarfélögum til boða að tilnefna hann sem persónuverndarfulltrúa sinnar stofnunar með sérstökum samningi þess efnis. Í dag nýta 28 aðildarfélög SFV sér þjónustu persónuverndarfulltrúa og skipta þau félög með sér kostnaði við störf hans. Með því að skipa sameiginlegan persónuverndarfulltrúa fyrir aðildarfélögin næst ekki einungis hagræðing við launa- eða þjónustugreiðslur heldur einnig mikil samlegðaráhrif vegna þeirra keimlíku verkefna sem tengjast persónuverndarmálum hjá aðildarfélögunum.

Persónuverndarsérfræðingur SFV hefur t.d. þróað upplýsingaöryggishandbók sem einfalt hefur reynst að aðlaga að starfsemi hvers stofnunar fyrir sig en hún inniheldur ýmis form sem skylt eða æskilegt er að innleiða hjá heilbrigðisstofnunum.

Í eðlilegu árferði hafa einnig verið haldnir fræðslufundir eða vinnustofur fyrir fulltrúa aðildarfélaganna þar sem farið er yfir helstu áskoranir í tengslum við persónuvernd hjá heilbrigðisstofnunum.

Persónuverndarsérfræðingur SFV á að auki sæti í samstarfshópi persónuverndarfulltrúa í heilbrigðisþjónustu þar sem persónuverndarfulltrúar reyna að vinna að sameiginlegum leiðum og markmiðum í persónuverndarmálum heilbrigðisstofnana á landsvísu.

Töluverð reynsla er komin á persónuverndarverkefni SFV og er mikil ánægja meðal aðildarfélaganna með verkefnið, það lýsir sér best í aukinni vitund og þekkingu stjórnenda og starfsmanna félaganna um persónuvernd og gagnaöryggi.

Reykjavík, 16. febrúar 2021

Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir  
Persónuverndarsérfræðingur SFV